



Staða og horfur í efnahagsmálum

Fundur þjóðhagsráðs

Karen Á. Vignisdóttir
Aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands

1. júní
2026




Verðbólga hefur verið yfir 5% það sem af er ári ...

- Verðbólga jókst skarpt í upphafi árs og hefur verið rúmlega 5% undanfarið – hún hefur minnkað síðan í mars og mælist 5,1%
- Verðbólga án húsnæðis sýnir svipaða þróun og mældist 4,6% í maí – hún er tæplega 2 pr. meiri en á sama tíma í fyrra
- Undirliggjandi verðbólga hefur aukist nokkru hægar frá því í fyrra heldur en mæld verðbólga og var 4,2% í maí ... er 0,3 pr. meiri en í fyrra


Verðbólga á ýmsa mælikvarða

Janúar 2020 - maí 2026



Mæld og undirliggjandi verðbólga¹

Janúar 2020 - maí 2026






1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu 3 (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvöruliða, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfraðilegum mælikvörðum (vegið miðgildi, klippt meðaltal, kvikt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV). Frá og með júní 2024 er kjarnavísitala 2 notuð þar sem kjarnavísitala 3 er ekki lengur birt.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

... og hefur innlend verðbólga reynst þrálát

- Innlendur verðbólguþrýstingur var töluverður á Q1 en matvöruverð hafði í maí hækkað um 4,2% milli ára og verð á þjónustu um 6,6%
- Áhrif hækkunar eldsneytisverðs í kjölfar stríðsátaka í Mið-Austurlöndum námu 0,5 pr. á VNV í mars-apríl en verð lækkaði í maí vegna lækkunar vsk. á eldsneyti. Verðhækkanir á öðrum aðföngum virðast hins vegar ekki hafa komið fram að ráði í innlendu verðlagi





1. Í janúar 2026 eru eldri raðir framlengdar miðað við nýja flokkun á undirliðum. Frá þeim tíma er þjónusta vegið meðaltal af opinberri þjónustu, rafmagni, gasi og öðrum orkugjöfum, annarri þjónustu og ferðaþjónustu. Veggjöld eru undanskilin. Innfluttar vörur án matvöru, áfengis, tóbaks, nýrra bifreiða og bensíns. 2. Frá janúar 2026 er almenn þjónusta vegið meðaltal af annarri þjónustu og ferðaþjónustu. Undirliggjandi þjónustuverðbólga er metin með klipptu meðaltali þar sem 15% af efsta og neðsta hluta verðbreytinga undirliða vísitölu neysliverðs sem flokkast til annarrar þjónustu og ferðaþjónustu eru fjarlægð.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



Fráviksdæmi: olíuverð hækkar meira en í grunnspá

- Gert er ráð fyrir hærra olíuverði og almennt meiri verðbólgu í viðskiptalöndum auk þess sem efnahagsumsvif þar eru lakari. Einnig er gert ráð fyrir að verðbólguvæntingar hér hækki meira. Hagvöxtur hér á landi yrði um 0,2 pr. minni í ár og lítillega minni á næsta ári og slakinn yrði meiri
- Verðbólga verður rúmlega ½ prósentu meiri í ár og 1 pr. meiri á næsta ári en í grunnspá og meginvextir þurfa því að vera hærri en ella



Verðbólguhorfur hafa versnað á ný

- Verðbólga var 5,2% á Q1 ... spáð er að hún minnki lítillega á næstunni og verði 5% á Q2 en aukist á ný í 5,5% á Q4
- Alþjóðlegar verðbólguhorfur hafa versnað, aukin hættu á annarrar umferðar áhrifum og meiri vöxtur launakostnaðar á framleidda einingu en á móti vegur meiri slaki í þjóðarbúinu. Gert er ráð fyrir að forsenduákvæði kjarasamninga virkjist og meiri hættu er á að verðbólga sé vanmetin



Samantekt

- Verðbólga jókst á fyrsta ársfjórðungi en hefur minnkað lítillega í 5,1%
- Þótt rekja megi hluta aukinnar verðbólgu til hækkunar olíuverðs er hún fyrst og fremst af innlendum toga
- Verðbólguvæntingar til skamms tíma hafa hækkað undanfarið en langtímaverðbólguvæntingar hækkað minna eða haldist óbreyttar
- Verðbólguhorfur hafa versnað þar sem útlit er fyrir meiri alþjóðlega verðbólgu og hætta er á annarrar umferðar áhrifum
- Óvissa um horfurnar snýr að miklu leyti að framvindu stríðsátaka og innlendri launaþróun á spátímanum